

HÚSÖNDIN

53.tbl. 2.árg.
6.mars.2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 7.-13.MARS

- 7.3 Þorsteinn Aðalsteinsson, Arna Þóra Ottósdóttir
8.3 Halldór Björke Helgason
11.3 Ragnar Davíð Baldvinsson, Arnheiður Rán Almarsdóttir
12.3 Gunnar Þór Brynjarsson, Ellert Bjarki Gunnarsson,
Ingimar Atli Knútsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi
Rögvaldur Egill Sigurðsson

sem lést mánudaginn 18. febrúar,
verður jarðsönginn frá Reykjahliðarkirkju í Mývatnssveit
laugardaginn 9. mars kl. 14:00.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir
en þeim sem vilja minnst hans er bent á Björgunarsveitina Stefán.

Jóhanna Rögvaldsdóttir
Gústaf Jóhannsson
Sigurður Rögvaldsson
Elin E. Magnúsdóttir

Sigurlaug Rögvaldsdóttir
Sigurður Pálsson
Agla Rögvaldsdóttir
Karl Emil Sveinsson
og fjölskyldur





HRÚTURINN

MÁLÞING - KARLMENN OG KRABBAMEIN HOFI AKUREYRI 14. MARS KL.16-18

Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis býður til málþings undir yfirskriftinni: Karlmenn og krabbamein. Markmið málþingsins er að fræða karlmenn um algeng einkenni krabbameina og er hluti af vitundarvakningu um krabbamein hjá karlönnum.

Málþingið fer fram fimmtudaginn 14. mars kl.16:00-18:00 í Hofi Akureyri.

Málþingið er öllum opið og þátttakendum að kostnaðarlausu.

Málþingið á facebook: málþing - karlmenn og krabbamein

Dagskrá

- Karlakór Akureyrar – Geysir.
- Opnunarávarp - Starfsmenn KAON.
- Krabbamein í karlönnum, einkenni - Eiríkur Jónsson, þvafgæraskurðlæknir.
- Reynslusaga - Ingimar Jónsson.
- Breytingar á sjálfsmynd karlanna í veikindum - Dr. Ásgeir R. Helgason, dósent í sálfræði og sérfræðingur hjá KÍ.
- Karlaklefinn - Guðmundur Pálsson, vefstjóri Krabbameinsfélags Íslands.
- Fyrirspurnir og umræður.
- Karlakór Akureyrar – Geysir.

Fundarstjóri: Friðbjörn Reynir Sigurðsson, Lyf- og krabbameinslæknir.

Ljósmyndasýningin Meiri Mennt, sem unnin var í tengslum við Mottumars, verður til sýnis í Hofi.

Vinnustaðir og vindahópar eru hvattir til að skrá sína menn og fjölmenna!



Snaga mánaðarins fyrir febrúar hlýtur Fúsi á Bjargi en hann mætti í lónið hvern einasta dag mánaðarins og vann yfirburðasigur.

Þá minnum við á kótilettuhádeginn okkar á fimmtudögum. Kótilettur í boði frá 12:00-13:30 eða á meðan birgðir endast, 2.000 krónur á mann.

Kveðja úr Jarðböðunum 😊



SÝNIR

BARPAR

Miðapantanir á
midi@leikfelagid.is

Fullt verð 3.000
börn/afsl. 2.000

Frumskýning 9.mars kl.18:00

Næstu sýningar:

- Þriðjud. 12. mars kl.20:00
- Föstud. 15. mars kl.20:00
- Laugard. 16. mars kl.16:00

2 fyrir 1

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur geta keypt afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu.



Starfshópur um lífrænan úrgang tók nýverið til starfa á vegum Skútustaðahrepps. Í hópnum sitja Hanna Kata og Arna fyrir hönd sveitarfélagsins, Arnheiður fyrir hönd Reykjahlíðarskóla, Valerija fyrir hönd Fjöreggs og Daði fyrir hönd Landgræðslunnar. Markmið hópsins er að þróa lausnir varðandi lífrænan úrgang sem er stór hluti þess sorps sem fellur til á heimilum. Fyrsti liður í þeirri vinnu er að afla upplýsinga um reynslu af jarðgerð eða annarri nýtingu lífræns úrgangs hér um slóðir. Við leitum því til ykkar kærú sveitungar og langar að biðja þá sem nýta lífræna úrganginn á einhvern hátt að hafa samband við okkur og deila reynslunni með okkur, hvort sem reynslan er jákvæð eða neikvæð. Eins tökum við fagnandi við ábendingum ef þið þekkið til einhverra sem jarðgera með góðum árangri.

Til að deila reynslunni og koma ábendingum á framfæri hafið samband við Örnu í tölvupósti, arna.hjorleifsdottir@gmail.com, eða í síma 848-9158.





Íbúafundur um hamingju og líðan Mývetninga

Eins og ykkur kæru íbúar í Mývatnssveit er kunnugt um lét sveitarfélagið gera könnun um hagi og líðan Mývetninga.

Niðurstöðurnar verða kynntar á íbúafundi mánudaginn **11. mars kl. 20.00 í Skjólbrekku** og mun Jóhanna Jóhannesdóttir

lýðheilsufræðingur sjá um það

Jafnframt verður fræðslufyrirlestur og svo hópavinna undir stjórn sveitarstjóra þar sem íbúar eru hvattir til þess að koma með hugmyndir um hvernig hægt er að auka hamingju og líðan Mývetninga.

Vonandi sjáum við ykkur sem flest

Skútustaðahreppur – Heilsueflandi samfélag

Jafnræði – Jákvæðni – Traust - Virðing

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Blaðið kemur út á miðvikudögum. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl 14:00 á þriðjudögum.

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing: 2.800 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing: 3900 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing: 5.000 kr. m/vsk.

Þið getið haft samband við mig í

síma 849-2804

eða með tölvupósti husonidin@gmail.com.

Hafið það gott. Kær kveðja, Arnþrúður



Atvinna í boði í Mývatnssveit.



GEOTRAVEL

Langar þig að vinna við leiðsögn í sumar?

Geo Travel Iceland í Mývatnssveit auglýsir eftir einstaklingum til að starfa við leiðsögn í Mývatnssveit í sumar. Um er að ræða afar fjölbreytta ökuleiðsögn með litla til meðalstóra hópa. Geo Travel sérhæfir sig í dagsferðum úr Mývatnssveit en einnig þjónustu við fágætisferðamennsku. Reynsla við leiðsögn eða landvörslu er mikill kostur. Hægt er að aðlaga starfið að styrkleikum umsækjenda og allar frekari upplýsingar veitir Anton Freyr í síma: 846-9052

Umsóknarfrestur er til 15.mars

Vinsamlegast sendið umsóknir á: anton@geotravel.is

www.geotravel.is

Starfsmaður óskast við sölu og skipulagningu dagsferða.

Geo Travel Iceland í Mývatnssveit auglýsir eftir metnaðarfullum og þjónustulunduðum starfskrafti til að sinna sölu og skipulagningu dagsferða. Starfið er fjölbreytt og felur m.a. í sér umsjón um bókanir og skipulagningu sérferða, samskiptum við gesti, gerð reikninga o.fl. Reynsla af störfum í ferðaþjónustu og/eða skrifstofustörfum er kostur. Geo Travel sérhæfir sig í dagsferðum úr Mývatnssveit en einnig þjónustu við fágætisferðamennsku. Hægt er að aðlaga starfið að styrkleikum umsækjenda og allar frekari upplýsingar veitir Anton Freyr í síma: 846-9052

Umsóknarfrestur er til 15.mars

Vinsamlegast sendið umsóknir á: anton@geotravel.is

www.geotravel.is

Minni á guðsþjónustu í Reykjahlíðarkirkju næstkomandi
sunnudag 10.mars klukkan 14:00
í upphafi föstu.

Það segir svo fallega í Fyrra almenna bréfi Péturs, öðrum kafla:

“Komið til hans, hins lifanda steins, sem menn höfnuðu
en er í augum Guðs útvalinn og dýrðmætur.”

Verið hjartanlega velkomin!

sr.Örnólfur



Sumarvinna í Kjörbúðinni Reykjahlíð

Óskum eftir að ráða fólk í sumarvinnu.

Umsækjendur þurfa að vera 16 ára eða eldri.

Starfið felur í sér afgangiðslu, áfyllingu og annað sem til fellur.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2019

Upplýsingar í síma 464-4466 eða með tölvupósti

reykjahlid@kjorbudin.is

Hægt er að sækja um á www.samkaup.is

Ella og Steindi



Aðalfundur félags sauðfjárbænda í Suður-Þing
verður haldinn **Þriðjudagskvöldið 12. mars kl. 20.00** í Seiglu á
Laugum (áður gamli barnaskólinn) . Venjuleg aðalfundarstörf. Auk
þess eru fyrirhugaðar lagabreytingar í félaginu. Gestir fundarins verða
Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdarstjóri L.S., Oddný Steina
Valsdóttir formaður L.S. og Hafliði Halldórsson forstjóri Icelandic Lamb.
Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin



Fjöregg

Stjórn Fjöreggs boðar til aðalfundar Fjöreggs 4. apríl næstkomandi.
Venjubundin aðalfundastörf. Tillaga að lagabreytingum þurfa að hafa
borist stjórn á netfangið fjoregg@gmail.is 2 vikum fyrir aðalfund.
Dagskrá verður auglýst síðar.

Með bestu kveðju
Stjórn Fjöreggs